



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á Vísindadegi  
Keldum  
3. maí 2002**

Ágætu ráðstefnugestir.

Það er vel til fundið að efna til Vísindadags hér að Keldum og fjalla um þær fjölþættu rannsóknir sem setja svip á starfsemi tilraunastöðvarinnar.

Keldur eru í senn tákn fyrir afburðaárangur sem íslenskir vísindamenn hafa náð á undanförunum áratugum og öflug verkstöð sem endurspeglar þá grósku sem ríkir í rannsóknarstarfi. Keldur hafa einnig verið merkisberi í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi og unnið Íslendingum virðingu fyrir góðan árangur í þekkingarleit. Margir hafa undrast hvernig svo fámennt þjóð hafi burði til að skapa líflegt vísindastarf á mörgum sviðum, en skýringin kann að hluta að felast í því sem Keldnafólk hefur kunnað vel: að hagnýta sér íslenska sérstöðu en tengja hana um leið við viðfangsefni sem eru brýn á almennum vettvangi vísindanna.

Dagskráin hér í dag sýnir vel að þessir eiginleikar eru enn leiðarljós í rannsóknarstarfi jafnframt því að haft er í huga hagnýtt gildi rannsókna fyrir atvinnuvegi og þjóðlíf allt.

Fróðlegt er að sjá hve rík áhersla er hér lögð á rannsóknir á eldisfiskum en fyrir nokkrum árum hlýddi ég á sérfræðinga Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, lýsa því að fiskeldi yrði ein helsta fæðuöflun mannkyns á nýrri öld og jafnvel skáka fisveiðum á höfum úti. Ýmsir telja að þau mistök sem við Íslendingar gerðum í fiskeldi fyrir rúmum áratug hafi einkum orðið vegna skorts á rannsóknum og fræðilegum aga í tilraunaeldi. Við verðum því að forðast þau mistök í framtíðinni og ánægjulegt er að sjá að Keldur eru að sinna merkilegum rannsóknum á sjúkdómum fiska.

Á sama hátt finnst mér fróðlegt að kynnast því að hér er unnið markvisst að rannsóknum á sumarexemi hrossa því sá sjúkdómur er

alvarlegt vandamál fyrir þá fjölmennu sveit á erlendri grundu sem ann íslenskum hestum og einnig setur sjúkdómurinn strik í reikning arðseminnar sem útflutningur á hrossum hefur skapað. Íslenski hesturinn er ekki aðeins tekjulind heldur líka drjúg landkynning. Það sést best þegar tugþúsundir aðdáenda hans koma saman á heimsmótum íslenska hestsins sem reglulega eru haldin í Evrópu og nánast eina áhyggjuefnið sem skyggir á gleðina og ánægjuna sem þar ríkir er exemið sem þjáir hrossin.

Keldur hafa löngum notið sérstakrar virðingar fyrir hinar merku rannsóknir á visnu og mæði í sauðfé og á öðrum sjúkdómum sem herja á búpening landsmanna. Bændur hafa litið til Keldna með von og þakklæti í huga og vitað að hér er að finna þeirra traustustu bandamenn í glímunni við erfiðar sýkingar og í þeirri viðleitni að tryggja heilbrigðan bústofn.

Rannsóknirnar á Keldum hafa einnig gegnt lykilhlutverki í leit manna að lækningu við hæggengum smitsjúkdómum og framlag Keldna á þessu sviði er meðal þess merkasta sem íslenskir vísindamenn hafa látið mannkyni í té. Eyðni er því miður orðinn helsti vágstur í heilbrigðismálum heimsins og ógnar nú heilum þjóðfélögum víða um heim. Varnir okkar gegn þessum sjúkdómi eru meðal brýnustu viðfangsefna í heilbrigðismálum og rannsókna á Keldum er ávallt getið þegar rakið er hvernig veröldin hefur reynt að afla sér þekkingar í þessu skyni.

Margt fleira mætti nefna af erindum dagsins sem vakti sérstaka athygli mína eins og t.d. rannsóknir á sjúkdómum í æðarfugli enda fuglinn sá helsta uppistaðan í búskapnum á Bessastöðum og margir voru þeir kosningafundirnir í sveitum landsins þegar heimamenn heimtuðu að væntanlegur bóndi á Bessastöðum gæfi bindandi loforð um að hugsað yrði vel um æðarfuglinn.

Dæmin sem ég hef hér rakið eru þó aðeins nokkur úr þeirri fjölbreyttu rannsóknarflóru sem fjallað verður um á þessum Vísindadegi og endurspeglar kraftinn, metnaðinn og víðsýnina sem einkennir starfsemina hér á Keldum. Það er sérstakt fagnaðarefni þegar vísindastofnun heilsar nýrri öld á svo frjóan hátt og ég vil nota þetta tækifæri til að óska ykkur til hamingju með frábæran árangur og árna ykkur allra heilla í framtíðinni.

Rannsóknarstörf eru jafnan unnin í kyrrþey og vísindamenn eru yfirleitt of hógværir til að blása í lúðra þegar merjum áfanga er náð. Samt mættum við vera betur vakandi um að kynna þjóðinni afrakstur þess fjölbætta rannsóknarstarfs sem í landinu er stundað. Venjur og starfshættir fjölmiðla beina athyglinni oftast í aðrar áttir og lyfta atburðum og orðræðu sem innan tíðar falla í gleyskunnar dá. Sú mynd sem við daglega fáum á þennan hátt er í rauninni bjöguð lýsing á því sem

mestu skiptir. Árangur vísindastarfsins varir lengi og skiptir oft sköpum fyrir grundvallarþætti í þjóðlífi okkar. Því ber að veita honum meiri athygli en gert hefur verið og vísindastofnanir ættu jafnvel að taka til sérstakrar skoðunar að sinna reglulega kynningarstarfi þótt sumum finnist sú iðja taka um of dýrmætan tíma. Það er þó nauðsynlegt að rækta slíkt uppeldisstarf þjóðinni til skilningsauka og einnig vísindastarfinu til styrkingar sé til lengri tíma lítið.

Vísindadagurinn hér að Keldum er athyglisverð viðleitni í þessa veru og ég vona að þið haldið áfram að leita leiða til að kynna hið merka starf sem hér er unnið. Framtak ykkar gæti orðið öðrum stofnunum að fordæmi og jafnvel vísir að því að þjóðin eignaðist árlega sérstakan vísindadag, umræðu- og kynningardag sem yrði jafnsamgróinn vitund þjóðarinnar og sjómannadagurinn og 1. maí enda róðrar rannsóknarfólksins og erfiði vísindamannanna ekki síður mikilvægt en önn þeirra sem þeir dagar eru helgaðir.

Með þeim orðum óska ég ykkur til hamingju með þetta frumkvæði og lýsi Vísindadag á Keldum formlega hafin.